



Í minningu Bodhisattva:

Hvað er Bodhisattva? Það er mannvera sem helgar líf sitt og kraftedu öðrum lífandi verum alltaf. Þetta eru ekki venjulegir menn þótt þeir líti út sem slíkir. Þeir hafa tekið meðvitada ákvörðun einhvern tíma á lífsleiðinni að gegna þessu hlutverki. Þetta eru bæði menn og konur sem hafa heitið því að endurfæðast meðal okkar mannanna á meðan þeirra er þörf.

Sem dæmi um Bodhisattva sem allir þekkja má fyrst nefna Jesú Krist, einnig aðra eins og Nelson Mandela, Gandhi, Desmond Tutu, Móðir Theresu og Dalai Lama sem er að endurfæðast hér í 14. sinn sem Dalai Lama.

Akong Tulku Rinpoche frá Tíbet var einmitt einn af þessum Bodhisöttvum. Hann fæddist í Austur Tíbet árið 1940. Orðið Tulku í nafni hans gaf til kynna að hann væri endurborinn til að halda áfram því hlutverki sem hann var búinn að velja sér fyrir löngu. Að hjálpa öllum lífandi verum; mönnum og dýrum á jörðinni. Í þetta sinn var það ekki auðvelt. Hann fannst sem barn að aldri eins og flestir Tulkuar uppgötvast í Tíbet og var hjálfaður eins og þeir frá blautu barnsbeini í helgustu fræðum tibetsks Búddisma. Skóli hans var klostur Drolma Lhakang í Austur Tíbet en þar í landi hafa klostur verið jafnframt menntastofnanir, skólar fyrir bæði börn og lengra komna. Þar læra ungmenni ekki aðeins um kenningar Búdda heldur einnig vísindi og listir eins og gerist á Vesturlöndum.

Akong Tulku Rinpoche menntaði sig sem tibetskur læknir jafnframt því að halda áfram menntun sinni í Búddiskum fræðum. 19 ára að aldri hafði hann lokið andlegri menntun sinni sem Lama við Karma Kagyu og Nyingma línu tibetsks Búddisma. Um það leiti var innrás Kínverja á fullu í Tíbet. Fólk flúði í hópum út úr Tíbet og foreldrar Akong Tulku Rinpoche skildu að hann og yngri bróðir hans Lama Yeshe Rinpoche voru í mikilli lífshættu ef þeir væru áfram í Tíbet. Þeir ákváðu því að senda drengina úr landi með flóttafólkinu. Þeir fóru af stað yfir fjöllin í 200 manna hópi yfir til Indlands. 15 komust lífandi alla leið

og voru bræðurnir ungu þar á meðal. Þegar uppgötvaðist að drengirnir væru flúnir hurfu foreldrarnir sporlaust, líklega drepnir af yfirvöldum.

Frá Indlandi lá leið Akong Tulku Rinpoche til Bretlands 1963 en bróðir hans fór til Bandaríkjanna og dvaldist þar um tíma. Leið Akongs Tulku Rinpoche lá til Skotlands þar sem hann m.a. vann fyrir sér í nokkur ár við að skúra gólf á háskólagörðum nemenda. Landar hans sem vissu hver hann var í raun voru farnir að hafa áhyggjur af honum og spurðu hvort hann væri búinn að gleyma því hver hann væri. Akong Tulku Rinpoche svaraði að hann hefði engu gleymt heldur væri hann að hjálfa auðmýkt. Á þessum árum hafði hann kynnst ungri, fallegri tibetskri stúlku sem hann kvæntist og eignuðust þau 2 dætur. Fjölskyldan hefur alltaf búið í Skotlandi og eru breskir ríkisborgarar. Þegar Akong Tulku Rinpoche taldi sig tilbúinn hóf hann að kenna, en kennsla var honum í blóð borin og hluti af hjálfun hans og varð hann fljótt eftirsóttur kennari í tibetskum Búddisma. Jafnframt stundaði hann tibetskar lækningar.

Lávarður einn sem átti land rétt við Lockerbie í Skotlandi leyfði afnot af veiðihúsi sínu til kennslunnar. Smá saman sömdu þeir félagar um að hluti af landareign lávarðarins færi undir byggingu fyrsta tibetska Búdda klosturs í Evrópu Samye Ling árið 1967. (Sjá nánar á www.samyeling.org)

Klaustrið er núna svo til fullbyggt og var verið að ljúka síðustu álmunni í sumar þar sem fram fer kennsla í meistaranámi í „Mindfulness“ frá Háskólanum í Aberdeen í Skotlandi. Lama Yeshe Rinpoche er ábóti klostursins en hann flutti fljótlega til Skotlands á eftir bróður sínum. Hafa þeir bræður því fylgst að gegn um tíðina og unnið saman.

Akong Tulku Rinpoche skrifaði bækur sem allir ættu að lesa. M.a. **Taming The Tiger, Restoring the Balance, Limitless Compassion** ásamt miklu magni af kennslu sem gefin er út á prenti og á diskum. Verið er að gera kvikmynd um líf hans: **Akong a Remarkable Life** Hægt er að sjá „trailer „ við myndina á heimasíðu og facebooksíðu **Hugleiðslu- og fríðarmiðstöðvarinnar**. Hann hannaði og kenndi nýja meðferð Tara Rokpa Therapy sem er mikið notuð sem meðferð á gedrænum sjúkdómum í Bretlandi og víðar. Einnig stofnaði hann góðgerðarsjóð Rokpa Trust með það að markmiði að hjálpa þurfandi hvar sem er í heiminum m.a. stofna munaðarleysingjahæli, reisa skóla og heilsugæslu t.d. í Afríku, Tíbet, Indlandi, Kína og Nepal. Orðið Rokpa þýðir einmitt hjálp á tibetsku. Hann gleymdi heldur ekki

dýrunum og eru til myndir af honum þar sem hann kaupir upp heilu dýramarkaðina til að forða dýrunum frá slátrun og kemur þeim síðan fyrir hjá góðu fólki upp í fjöllumunum.

Í Samye Ling klaustrinu í Skotlandi lét hann útbúa stóran jurtagarð með lækningajurtum sem hann notaði við lækningar sínar. Hann stofnaði ótal miðstöðvar Kagyu Samye Dzong þar sem kennd eru m.a. búddísk fræði um allan heim allt frá Suður Afríku til Íslands og er ein slík einmitt starfandi hér í Reykjavík Kagyu Samye Dzong Reykjavík. Allt eru þetta ópólítískar miðstöðvar.

Síðustu áratugi hafði Akong Tulku Rinpoche vakandi og sofandi verið að sinna þeim sem minna mega sín án tilliti til staðsetningar, trúarbragða eða pólitískra aflla. Hann safnaði peningum á Vesturlöndum með kennslu sinni og skrifum. Fólk gaf af fúsum og frjálsum vilja fyrir að fá að hlusta á hann og fá að hjálpa til við hans merka starf. Síðan fór hann reglulega í ferðir til hrjáðra svæða í heiminum þar sem hann styrkti og kom á fót gífurlega mörgum skólum, munaðarleysingjahælum, sjúkrastofnunum og hvers kyns skjóli og menntun fyrir hrjáða einstaklinga. Með ofurmannlegum kröftum var hann að nær allan sólarhringinn í hálfra öld. Það var einmitt í einni svona ferð nánar tiltekið þann 8. Október 2013 sem hann ásamt tveimur fylgdarmönnum sínum; frænda sínum Lobzang Dondrup og munkinum Lama Chimé Wangyal voru drepnir á hroðalegan hátt í borginni Chengdu í Kína. Kínverji sem gefið hafði sig út fyrir að vera tibetskur munkur, komið til Samye Ling í Skotlandi og vingast við Rinpoche framdi ódæðið ásamt tveimur öðrum mönnum. Þeir réðust á Rinpoche í húsi sem hann dvaldi í ásamt félögum sínum vopnaðir hnífum og drápu alla þrjá.

Hvers vegna? Skýringar sem fengist hafa hljóma mjög einkennilega í eyrum þeirra sem þekktu þennan mann kærleikans og hina tryggu féлага hans.

Hvers vegna eru menn svona hræddir við kærleikann? Margir hafa látið lífið vegna hans og jafnvel verið pyntaðir á krossi vegna kærleikans. Kærleikurinn er sannarlega sterkasta afl alheimsins. E.t.v. er það þess vegna sem sumir skilja hann ekki og óttast hann.

Akong Tulku Rinpoche var minn rötargúru, minn Karmaþennari og andlegur faðir. Núna verð ég einungis að biða í nokkur ár til að heyra hann kenna á nýtt. Sjáumst fljótt aftur kæri faðir.

Þinn nemandi Dagmar Vala Hjörleifsdóttir